

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1968

4. janúar 1968.

1

Nr. 1.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði, nr. 26 31. janúar 1967, sbr. auglýsingu um breytingu á þeirri gjaldskrá, nr. 24 10. marz 1967.

1. gr.

B-liður 1. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Millilandaflug:

Fyrir landingar á flugvöllinum eða flughöfninni skal greiða kr. 36.69 á hvert tonn flugvélarinnar, miðað við mesta leyfðan flugtaksþunga, allt að 20 tonnum, en kr. 18.34 á hvert honn, sem þar er fram yfir.

Minnsta gjald er kr. 61.14.

2. gr.

B-liður 7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Millilandaflug:

Af öllu flugvélabenzini, sem afgreitt er á flugvöllinum, eða frá honum til notkunar í millilandaflugi, skal greiða flugvöllinum gjald, sem hér segir:

Á hvern benzínlítra	kr. 0.5514
Á hvert U.S.-gallon	— 2.078

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt heimild í lögum nr. 24 21. maí 1964, um loftferðir, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 24 10. marz 1967, um breytingu á gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði.

Samgöngumálaráðuneytið, 4. janúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.